

Framtíð orðabóka

Nú á dögnum gaf Sænska akademían út orðabók, SAOL eða Orðalista Sænsku akademíunnar. Um er að ræða 15. útgáfu orðabókarinnar sem kom út í fyrsta sinn árið 1874. SAOL er óopinber stafsetningarorðabók fyrir sænsku sem sýnir viðurkenndan rithátt og beygingar orða sem teljast eiga við í vönduðu ritmáli. Orðabókin kemur út u.þ.b. á tíu ára fresti og vekur útgáfan jafnan mikla athygli í sænsku samfélagi.

Það sem ef til vill kemur íslenskum orðabókanotendum á óvart er að SAOL er ekki aðeins gefin út á vefnum og sem app heldur einnig á pappír. Orðabókin er vinsæl og mikið notuð og gert ráð fyrir að prentaða upplagið seljist upp með tímanum. Þetta er ekki einsdæmi á Norðurlöndum því enn er verið að prenta og selja mikilvægar orðabækur eins og t.d. *Retskrivningsordbogen* og *Dansk begrebsordbog* sem gefnar eru út í Danmörku. Þessar orðabækur standa hins vegar ekki undir sér fjárhagslega, fremur en orðabækur sem aðeins koma út í rafrænu formi, og eru því fjármagnaðar af hinu opinbera eða með styrkjum úr stórum menningar- og rannsóknarsjóðum. Gífurlega mikil vinna er fólgin í því að gefa út vandaða orðabók og því erfitt að fjármagna stór og viðamikil verk sem taka mörg ár og jafnvel áratugi í vinnslu.

Veforðabækur

Á Íslandi hafa orðabækur ekki verið gefnar út á pappír í mörg ár, sennilega ekki frá því Forlagið gaf út Íslenska orðabók í nýju broti árið 2010. Litið hefur verið svo á að kostir vefútgáfu séu það miklir að prentaðar orðabækur séu tímaskekkja, þótt ekki séu allir sammála því. Pappírsorðabækur þarf til dæmis ekki að uppfæra reglulega í takt við tæknilega þróun og þær hverfa ekki eða týnast jafn auðveldlega og gamlir vefir. Íslenskumælandi notendur hafa vanist því að geta nálgast orðabækur á netinu, ýmist ókeypis eða með áskrift að safni eldri orðabóka. Þetta hefur meðal annars leitt til þess íslensk bókaforlög eru hætt að gefa út nýjar íslenskar og erlendar orðabækur enda eru slík verkefni bæði krefjandi og tímafrek og ekki ábatasöm í íslensku samfélagi. Orðabækur þarf þó að uppfæra reglulega til að þær endurspegli nútíma málnotkun. Skólakerfið og íslenskur almenningur kallar því eftir nýju efni og sömu sögu má segja um þá sem vinna að þróun máltækni.

Útgáfur Árnastofnunar

Árnastofnun hefur á undanförnum árum gefið út veforðabækur sem sumar hafa verið unnar á stofnuninni en aðrar í samstarfi við erlenda fræðimenn og þýðendur. Haustið 2024 var *Íslensk nútímaálsorðabók* opnuð formlega þótt hún hafi verið aðgengileg á vefnum frá árinu 2016. Einn kosturinn við veforðabækur er nefnilega sá að þær þurfa ekki að vera tilbúnar áður en þær koma fyrir sjónir almennings. Verk í vinnslu getur nefnilega nýst býsna vel þótt ekki séu allar skýringar komnar á sinn stað og ýmislegt eigi eftir að laga.

Eins hefur stofnunin gefið út fjölmargar íslensk-erlendar orðabækur og ýmsar sérorðabækur á borð við *Beygingarlýsingu íslensks nútímaáls* og *Íslenskt orðanet* sem báðar hafa nýst vel í máltækni. Auk verkefna sem snúa að nútímaíslensku sjá starfsmenn Árnastofnunar um varðveislu og miðlun eldri safna Orðabókar Háskólans og vinna að stafrænum útgáfum prentaðra orðabóka. Óhætt er því að segja að á stofnuninni fari fram gífurlega öflugt orðabókastarf. Sú vinna er þó bundin við íslensku og því er ekki verið að vinna að orðabókum úr erlendum málum. Allar veforðabækur stofnunarinnar eru

aðgengilegar notendum að kostnaðarlausu.

Orðabók, þýðingarvél eða leitarsíða?

Áður en veforðabækur komu til sögunnar voru orðabækur til á flestum heimilum, oft veglegar útgáfur í fallegu bandi. Einnig voru skóla- og vasaorðabækur jafn sjálfsagðar í skólastofum og glósubækur nemenda. Nemendur þjálfuðust í að fletta upp orðum og öðluðust þannig skilning á uppbyggingu og tilgangi orðabóka. Nú eru hins vegar að vaxa úr grasi kynslóðir hér á landi sem hafa mjög litla eða enga reynslu af því að nota prentaðar orðabækur. Á árlegu málþingi norrænna orðabókafræðinga nú í janúar var einmitt fjallað um þær breytingar sem þetta hefur í för með sér fyrir ritstjóra og útgefendur orðabóka. Greining á uppflettingum á netinu sýnir til dæmis að notendur virðast ekki alltaf gera skýran greinarmun á leitarvélum, þýðingarvélum og orðabókum. Sífellt algengara er að þeir skrifi heilar setningar eða efnisgreinar í leitargluggann í stað þess að fletta upp ákveðnu orði. Einnig kemur oft fyrir að notendur spyrji beinna spurninga: „Er til samheiti fyrir orðið skemmtilegur?“ Þetta bendir til þess að sumir notendur skilji ekki hugsunina á bak við orðabækur.

Þessi þróun er í sjálfu sér ekki óvænt því nú á dögum þurfa orðabækur að keppa við nýjar tæknilausnir á borð við þýðingarvélar, leitarvélar, mállíkön og spjallmenn. Eins hefur eðli veforðabókanna leitt til þess að uppflættihegðun hefur breyst. Notendur veforðabóka þurfa ekki lengur að muna stafrófið og þeir þurfa heldur ekki að þekkja grunnmyndir orða. Sá sem slær inn lýsingarorðið skemmtileg fær t.d. upp uppflættimynd orðsins í karlkyni: *skemmtilegur*. Eins má slá inn orðið í hvaða falli sem er því tengingar orðabóka við *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* sjá til þess að notendum sé beint á rétt uppflættiorð. Annar ótvíræður kostur við veforðabækur er sá að notandinn getur leitað bæði í frum- og markmáli og þannig notað orðabókina í „öfuga átt“ (t.d. leitað að enskum orðum í íslensk-enskri orðabók). Slíkt var óhugsandi á meðan orðabækur voru eingöngu á prenti. Þó verður að hafa í huga að leit í markmáli getur ekki komið í staðinn fyrir góða orðabók þar sem erlenda tungumálið er frummál. Íslensk-ensk orðabók kemur því að takmörkuðu gagni sem ensk-íslensk orðabók.

Framtíðin

Allar þær breytingar sem hér hafa verið tíundaðar hafa orðið til þess að notkun orðabóka hefur breyst, sér í lagi hvað varðar yngstu notendurna. Meðal orðabókafræðinga er því mikið rætt um það hvað hægt er að gera til að koma til móts við nýjar kynslóðir og hvernig framtíðarorðabókin muni líta út. Þreifingar í þessa átt má sjá t.d. á vefgáttinni *m.is* sem einkum er ætluð er ungu fólki og annarsmálshöfum. Á þessari síðu fléttast saman vinsælar orðabækur, yfirlit yfir beygingar og íslensk-ensk þýðingarvél.

Velta má fyrir sér hvort orðabækur eins og við þekkjum þær séu að verða úreltar og að þær muni í framtíðinni einskorðast við störf sérfræðinga. Mun hinn almenni notandi t.d. heldur nota spjallmenn, gervigreind og þýðingarvélar? Eða mun hann nota sprettlugga í textum á vefnum? Ef sú verður raunin þarf þessi nýja tækni að miðla vönduðu efni sem hægt er að reiða sig á. Því verður enn þörf fyrir vinnu orðabókafræðinga í framtíðinni. Við sjáum nú þegar þróun í þessa átt þótt hefðbundnar veforðabækur séu enn mikið notaðar. Að meðaltali fá orðabækur Árnastofnunar um 17 þúsund heimsóknir á dag.